

24. maí Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 24. maí 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

um aðstoð við vangefið fólk.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Af alls konar gosdrykkjum og öli, sem er framleitt hér á landi og afhent er eða selt á flöskum, skal í næstu 5 ár greiða gjald, að upphæð 10 aurar af hverri flösku, og rennur gjald þetta í Styrktarsjóð vangefinna, er vera skal í vörzlu félagsmálaráðuneytisins.

Fé sjóðsins skal ætíð vera handbært til framkvæmda samkvæmt 4. gr. Um stjórn sjóðsins skal nánar ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Gosdrykkja- og ölgerðir skulu greiða gjald samkvæmt 1. gr., og innheimtist það með tolltekjum ríkisins.

3. gr.

Verð á gosdrykkjum og öli, sem gjald greiðist af samkvæmt lögum þessum, er heimilt að hækka sem gjaldinu nemur. Telst gjaldið ekki innifalið í söluverði við álagningu söluskatts og gjalds til útflutningssjóðs.

4. gr.

Fé því, sem aflað er samkvæmt lögum þessum, skal varið til þess að reisa stofnanir fyrir vangefið fólk.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1958.

Gjört að Bessastöðum, 29. maí 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.